

að nýja bænum til greiðslu skuldarinnar. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði aukarjettardómsins um málskostnaðinn, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjandinn greiði stefnda 20 kr. Hinum skipaða málfutningsmanni áfrýjanda ber eptir þessum úrslitum málsins engin málfutningslaun, en það vottast að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Magnús Teitsson, greiði stefnda, Jörgen Hansen verzlunarstjóra, í málskostnað að fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. októbermánaðar.

Nr. 23/1898:

Franz Siemsen  
gegn  
Jóni Breiðfjörð.

D ó m u r :

Eptir skipun sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, áfrýjandans Franz Siemsen, hjelt hreppstjóri Jón Breiðfjörð, hinn stefndi í máli þessu, opinbert uppboð 10. marz 1888 að Hlöðunesi á Vatnsleysuströnd, til þess að selja dánarbú

Jóels bónda Friðrikssonar; í uppboðsskilmálunum, sem eru gefnir út sama dag og undirskrifaðir af stefnda, er meðal annars kveðið svo á, að »borgun skuli greiðast í peningum innan loka næstkomandi júlímánaðar (o: 1888) til undirskrifaðs« (o: Jóns Breiðfjörðs). Seint í októbermán. s. á. afhenti stefndi áfrýjanda skilagrein, dags. 20. okt. 1888, fyrir meðferð á þrotabúi Jóels Friðrikssonar, en eptir þessari skilagrein stóðu 410 kr. 70 a. af uppboðsandvirðinu þá inni hjá E. Egilsson í Reykjavík. Áfrýjandi gjörði síðar ýmsar tilraunir til að ná inn þessari skuld hjá Egilsson, en er honum eigi tókst það góðmótlega, ljet hann stefnda höfða mál á móti Egilsson, og fjekk stefndi síðan dóm yfir Egilsson fyrir skuldinni. En áður en Egilsson hefði fullnægt dóminum, ljezt hann og var bú hans þrotabú. Stefndi lýsti skuldinni nú í búi Egilsson eptir undirlagi áfrýjanda, og var honum lagt út upp í skuldina 89 kr. 18 a., sem hlutaðeigandi skiptaráðandi sendi til áfrýjanda, en áfrýjandi síðan sendi til stefnda. Þegar nú var útsjéð um, að frekara fengist upp í skuldina úr búi Egilssons, krafði áfrýjandi stefnda um hana, með því að hann hefði verið hinn rjetti innheimtumaður á uppboðinu 10. marz 1888, og er stefndi eigi þóttist skyldur að greiða uppboðsskuldina, höfðaði áfrýjandi mál á móti honum, og var mál það, eptir samkomulagi aðilanna, rekið og dæmt fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, en með dómi rjettarins, uppkvednum 6. janúar þ. á., var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda að öðru leyti en því,

að hann skyldi greiða af hendi ofan nefndar 89 kr. 18 a.; málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefur sýslumaður Franz Siemsen skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 16. maí þ. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi Jón Breiðfjörð verði dæmdur til að greiða sjer 410 kr. 70 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða með einhverju nægilegu. Af sinni hálfu hefur stefndi krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Eins og tekið hefur verið fram, er sóknarástæða áfrýjanda í málinu sú, að stefndi hafi verið innheimtumaður á uppboðinu 10. marz 1888, samkvæmt uppboðsskilmálunum, er stefndi sjálfur samdi, enda hafi stefndi síðar kannazt við skyldu sína í þessu efni, með því að höfða mál til innheimtu skuldarinnar gegn E. Egilsson, og með því að gjöra kröfu til hennar í bú hans. Að vísu er svo kveðið á í uppboðsskilmálunum, að borgun fyrir hið selda skuli greiðast til stefnda, en það er ekkert upplýst um það í málinu, að áfrýjandi hafi skipað honum að hafa innheimtuna á hendi eða gefið honum umboð til þess, því síður að nokkur samningur eða skilmálar hafi verið gjörðir þeirra á milli um þetta. Stefndi hafði áskilið, að andvirðið greiddist innan júlímánaðarloka, en þegar hann í októbermánuði næst á eptir gjörði áfrýjanda skilagrein fyrir uppboðinu, skýrir hann frá

því, að hin umstefnda upphæð sje ógreidd og standi inni hjá manni í Reykjavík, og er upphæðin þannig tilgreind í skilagreininni. Eptir því sem fram er komið í málinu, virðist áfrýjandi hafa tekið þessi skil af hendi stefnda gild, og verður því að álíta, að stefndi hafi þá losast við innheimtuábyrgðina, úr því að áfrýjandi eigi beinlínis áskildi, að hann einnig innheimti og stæði sjer skil á umræddri upphæð. Það sjest og af brjefi áfrýjanda til stefnda, dags. 20. febr. 1890, að áfrýjandi hefur gjört ýmsar tilraunir til að ná inn skuldinni hjá uppboðskaupanda, og með því móti tekið þó sjer innheimtuna á henni. Þar sem stefndi þó síðar höfðaði mál á móti Egilsson til borgunar á skuldinni og gjörði kröfu fyrir henni í bú hans, þá er það ómótmælt og sjest af skjölum málsins, einkanlega nýnefndu brjefi, að hann gjörði þetta eptir fyrirlagi og í umboði sýslumanns, og án þess að taka upp á sig ábyrgð fyrir skuldinni. Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur sýknað stefnda af kröfum áfrýjanda að öðru leyti en því að stefndi á að inna af hendi þær 89 kr. 18 a., sem hann hefur veitt móttöku af uppboðsskuldinni, og með því einnig verður að fallast á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eptir atvikum skal málskostnaður fyrir yfirdómi falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður.  
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 17/1898:

Magnús Sölvason  
 gegn  
 Kristjáni Sigurðssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í hjeradi Kristján bóndi Sigurðsson á Reykjum í Húnavatnssýslu gegn Magnúsi Sölvasyni fyrir vistarrof, og var það dæmt í lögreglurjetti Húnavatnssýslu 13. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að Magnús Sölvason skyldi greiða Kristjáni Sigurðssyni 137 kr. 50 a. sem skadabætur fyrir vistarrofin og 15 kr. í málskostn- að. Dómi þessum hefur Magnús Sölvason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. apríl þ. á., og krafizt þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjett- um. Stefndi Kristján Sigurðsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, aðallega, að málinu verði frá- vísað og honum tildæmdar ómaksbætur, en til vara, að lögreglurjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins,

Stefndi rökstyður frávisunarkröfu sína með því, að yfirdómsstefnan hafi eigi verið birt af hin- um rjettu stefnuvottum, og að innsigli annars